




# Minnismiðar vegna ályktunar Félags stjórnenda í leikskólum

# Þróun vistunartíma 1998 -2016 hlutfall nemenda með 8 klst. eða lengri vistunartíma.

Þróun vistunartíma 1998 - 2016 hlutfall nemenda með 8 klst. eða lengri vistunartíma.



# Orðræðan í fjölmiðlum síðustu daga

- [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/10/02/born\\_geti\\_ordid\\_fyrir\\_roskun/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/10/02/born_geti_ordid_fyrir_roskun/)
- <http://ki.is/rss/4118-dvalartiminn-of-langur-og-plassid-of-litid>
- [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/10/03/skoda\\_thatt\\_yngri\\_sys\\_tkina\\_i\\_faedingarorlofi/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/10/03/skoda_thatt_yngri_sys_tkina_i_faedingarorlofi/)
- [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/10/03/thad\\_heimskulegasta\\_sem\\_eg\\_hef\\_heyrt/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/10/03/thad_heimskulegasta_sem_eg_hef_heyrt/)

# Orðræðan dregin saman

- Bent á að það sé mikið álag fyrir ungt barn að vera í stórum hópi í litlu rými í langan dag.
- Viðvera barna aukist
- Áhyggjur að börn geti orðið fyrir röskun á geðtengsamyndun sem getur leitt til kvíða og einbeitingarskorts
- Skorað á sveitarstjórnir, rekstraraðila og fl. að fundnar verði sameiginlegar leiðir til að bæta aðstöðu barna nú og til framtíðar

# Hugsanlega samverkandi þættir?

- Mikið álag í starfi, óviðunandi vinnuaðstæður- helsti orsakavaldur langtímaveikinda og kulnunar í starfi
- Rannsóknir sýna að það er beint samband milli álags og sveiganleika. Aukin sveiganleiki virðist draga úr streituvöldum í starfi.
- Leikskólakennarar hafa of lítið svigrúm innan síns vinnutíma til þess að skipuleggja faglegt starf sitt oftár en ekki þá vegna manneklu. Þetta getur því bæst við daglega kennslu í leikskólanum.

# Faglegar forsendur þjónustunnar – hvað getum við gert?

- Eftir því sem krafan er um lengingu vistunartíma, höfum við eins og staðan er í dag starfsfólk, faglegar forsendur, húsrými og fjármagn??
- Staðan er þessi, hvað er til ráða?
- Sveigjanlegur opnunartími – endurskoðun á dvalartíma barna???
- Fækka börnum á deild – minnka álagið
- Sveigjanleiki í starfi



Forsíða ▾

Fréttir ▾

Skólamál

05. nóv. 2013

# Það vantar 1300 leikskólakennara

„Það vantar 1300 leikskólakennara í landinu ef uppfylla á skilyrði laga um að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við uppeldi umönnun og kennslu í hverjum **grunnskóla** teljist til stöðugilda leikskólakennara. Í vor munu að líkindum brautskrást ellefu leikskólakennarar; fimm frá Háskóla Íslands og sex frá Háskólanum á Akureyri.“ Þetta kom fram í erindi Ingvars Sigurgeirssonar, prófessors við Menntavísindasvið Háskóla Íslands á Skólapingi sveitarfélaga sem haldið var í Reykjavík í gær.



	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Leikskólakennarar*	1546	1420	1308	1180	1070	1143	1209	1268
<i>Fjöldi starfsgilda leikskólakennar skv 2/3 reglu</i>	2917	2917	2917	2917	2917	2917	2917	2917
Möguleg háskólapláss	180	180	180	180	180	180	180	180
<b>Útskrifaðir</b>	<b>28</b>	<b>30</b>	<b>3</b>	<b>8</b>	<b>180</b>	<b>180</b>	<b>180</b>	<b>180</b>
*Gert er ráð fyrir 5% brotthvarfi leikskólakennara á ári. Bætt er við fullri nýliðun af útskriftarárgöngum								

Ef gert er ráð fyrir að kynningarátak fari af stað haustið 2012 og aðsókn í kennaranámið aukist þannig að hægt sé að nýta öll pláss þá er möguleiki á að útskrifa 180 leikskólakennara árið 2017 miðað við að enginn nemi hverfi frá námi. Gert er ráð fyrir að á sama tíma munu að minnsta kosti yfir 5% starfandi leikskólakennara hætta störfum vegna aldurs eða um 70 manns. Við útreikningana var ekki tekið tillit til annars brotthvarfs úr starfsstéttinni en sem verður vegna aldurs.

Eins og sjá má af töflunni er vandinn verulegur og ljóst er að ekki mun takast að uppfylla þau ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda um að 2/3 starfsmanna við uppeldi og menntun í leikskólum verði með leyfisbréf leikskólakennara fyrr en í fyrsta lagi í kringum 2042, svo fremi að hægt sé að vera með hvert pláss leikskólakennaranema skipað allan tímann og ekkert brottfall verði.

Ef aukning nýliðunar í leikskólakennaranám gengur eftir þannig að 180 nýnemar hefji nám á hverju ári næstu áratuginna þá munu verða rúmlega 900 nemendur í leikskólakennaranámi hverju sinni.




# Námssamningar í Hafnarfirði Staðan

- 2015 voru 42 sem gerðu námssamning eftir að fræðsluráð samþykkti þann 9. mars 2015 sl.
- 2017 eru 19 manns sem eru á samningi og sem stunda bæði grunn og framhaldssnám í leikskólakennarafræðum
  - Einn útskrifaðist sl. vor
  - 18 sem hafa hætt námi

# Hlutfallslega fleiri leikskólakennarar leita til VIRK

## Skipting milli skólastiga einstaklingar í þjónustu VIRK



# Samantekt

- Að framansögðu væri skynsemi í að meginvandi leikskólans sé að það eru of mörg börn í of litlu rými í of langan tíma.
- Ef þessu verður breytt verður leikskólinn góður staður fyrir börn og starfsfólk.
- Það hefur ýmislegt verið reynt að gera en ekki dugað til. Eins og það að hækka launin töluvert eða um 80% frá 2011 og kaupmáttinn um 52%. Hér í Hafnarfirði höfum við fjölgað undirbúningstímum sem er frábært framfaraskref og öðrum sveitarfélögum til eftirbreytni.
- stuðningur vegna sérkennslu hér á landi er langt umfram það sem þekktist í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við.
- Mörg sveitarfélög eru styrkja fólk til að sækja sér starfsréttindi þar á meðal Hafnarfjörður. Þetta dugir ekki til – það gerir starfið erfitt og krefjandi þegar við erum með risastóra barnahópa í pínulitlu plássi.
- Ef barnahópar væru minni, rýmið meira og "vinnudagur" barnanna ekki lengri en hjá öðru fólki þá gætum við búið til framúrskarandi leikskóla sem horft væri til, góðan stað fyrir börn og starfsfólk til að vera á. En eins og staðan er í dag þá eru áhyggjurnar af líðan barna miklar eins og leikskólinn birtist okkur í dag miðað við núverandi aðstæður.
- Það er hægt fyrir sveitarfélög að breyta þessu án mikils tilkostnaðar þ.e. rekstrarkostnaðar.
- Ef þessu verður breytt yrði leikskólakennarastarfið mjög eftirsótt starf.